



Drög að ályktun um atvinnuhorfur

Samdráttur hefur orðið í atvinnulífi á landinu og störfum fækkað í samræmi við það. Samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar eru nú um 7.000 manns án atvinnu og hefur þeim fjölgað um ríflega 2.500 frá því í fyrra. Það er mikilvægt verkefni fyrir okkur öll að berjast með öllum tiltækum ráðum gegn atvinnuleysi.

Í nýrri hagspá ASÍ dregst landsframleiðsla saman um 0,3% á þessu ári sem skýrist bæði af verulegum samdrætti í útflutningi og minni þjóðarútgjöldum. Yfirstandandi er því samdráttarskeið, en hagspá ASÍ gerir ráð fyrir hægum vexti á næsta ári, eða 0,6%, og að umsvif í hagkerfinu vaxi á árinu 2021 og þá verði hagvöxtur 2,3%.

Afar mikilvægt er að ríkisvaldið auki þjóðhagslega hagkvæmar framkvæmdir. Því er það krafa 7. þings SGS að stjórnvöld fari í stórtæka innviðauppbyggingu, meðal annars í samgöngumálum, til að vinna gegn atvinnuleysi.